



ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017, 1.-4. gr.

Málsheiti og nr.	Frumvarp til laga um breytingu á lögum um pósthjónustu (Innleiðing Evrópureglna, bréfastassamstæður, leiðrétting)
Ráðuneyti /verkefnisstjóri	Innviðaráðuneytið
Innleiðing EES-gerðar?	<input checked="" type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei
Dags.	24. júní 2022

A. Úrlausnarefni

1. Forsaga máls og tilefni

Við samningu frumvarps til laga um pósthjónustu sem varð að lögum nr. 98/2019 var lagt til að ráðherra yrði heimilt að innleiða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/644 um pakkasendingar yfir landamæri með reglugerð, sjá d. lið, 8. tölul. 1. mgr. 47. gr. Reglugerðin kemur til viðbótar reglum sem Evrópusambandið hefur sett um pósthjónustu, þ.e. tilskipun 97/67/EC (fyrsta póstillskipunin), 2004/4/EC (önnur póstillskipunin) og tilskipun 2008/6 (þriðja póstillskipunin). Reglugerðinni er einkum ætlað að ýta undir traust neytenda á því að eiga viðskipti á netinu milli landa með aukinni söfnun og miðlun upplýsinga um pakkasendingahjónustu.

Síðar kemur fram á sjónarsviðið önnur reglugerð, framkvæmdarreglugerð framkvæmdarstjórnarinnar (ESB) 2018/1263) um eyðublöð fyrir veitendur pakkaútbudarhjófnustu til að leggja fram upplýsingar samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/644. Það er mat ráðuneytisins að rétt þyki að setja heimild til innleiðingar framkvæmdarreglugerðarinnar inn í lög um pósthjónustu þar sem notkun eyðublaðanna kann að vera þvingjandi fyrir aðila á markaði.

Þá verður lagt til að gera breytingar á 5. mgr. 27. gr. laganna. Í 1. málslíð 5. mgr. 27. gr. laganna kemur fram að alþjófnustuveitanda sé heimilt að setja upp á einum stað bréfastassamstæður fyrir alla móttakendur póstsendinga í þéttbýli. Þetta ákvæði var fyrst og fremst hugsað fyrir þéttbýli á landsbyggðinni eða í hinum dreifðari byggðum til að minnka kostnað við alþjófnustu. Þannig þyrfti pósturinn aðeins að stoppa á einum stað í stað þess að keyra við í hverju húsi og setja bréf um bréfalúgu. Ljóst er, sé litið til framtíðar í pósthjónustu bæði hér á landi og t.d. í Noregi þá mun verða meiri notkun á bréfastassamstæðum í framtíðinni í stað útburði í hvert hús, meira að segja á stærri þéttbýlisstöðum. Ljóst er að ákvæðið eins og það er nú hamlar því að bréfastassamstæður (e. postbox) verði notað í ríkara mæli í almennum bréfaburði og er ætlunin að bæta hér úr. Einhver kann að spyrja sig hvers vegna verið er að bregðast við þessu þar sem bréfamagn fer hratt minnkandi. Rétt er að bréfamagn fer hratt minnkandi en á íslenskum yfirvöldum hvílir engu að síður sú skylda að tryggja að hér sé starfsemi sem geti tekið við bréfum og komið þeim á áfangastað. Breyting er liður í því að koma til móts við þróun og framtíð pósthjónustu í landinu.

Við samningu frumvarps til laga um breytingu á lögum um pósthjónustu sem varð að lögum nr. 76/2021 og tóku gildi þann 1. júlí 2021 til stóð að breyta skeyta inn nafni Byggðarstofnunar inn í stað Póst- og fjarskiptastofnunar. Nafn Byggðarstofnunar rataði hins vegar ekki inn í allan lagabálkinn heldur aðeins mikilvægustu þætti hans sem reyndar tryggja virkni laganna en rétt þykir að ráða bót á enda Póst- og fjarskiptastofnun ekki lengur til undir þessu nafni og ekki lengur með málefni póstsins á sínu forræði.

<p>2. Hvert er úrlausnarefnið? Setja lagastoð undir framkvæmdareglugerð ESB 2018/1263, auka veg bréfastassamstæðna og lagfæra lög um pósthjónustu.</p> <p>3. Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til? Íslenskt regluverk þarf að samræmast erlendum regluverki sem íslensk yfirvöld hafa ákveðið að taka inn í íslenskan rétt. Núverandi regluverk hamlar því að bréfastassamstæður verði notað í stærri þéttbýlisstöðum í staðinn fyrir útburð í hús. Þá þarf að lagfæra bersýnilega röng ákvæði.</p>
<p>B. Markmið</p> <p>1. Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki Stefna hins opinbera er að ná fram hagkvæmri, virkri og áreiðanlegri pósthjónustu um allt land og til og frá landinu. Tryggð verði örugg póst- og vörudreifing á þeim svæðum sem búa við markaðsbrest.</p> <p>2. Markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda Ráðuneytið bendir á mikilvægi hefðbundinnar pósthjónustu sem samskiptamiðils hefur breyst, hvort heldur er milli einstaklinga eða fyrirtækja. Eigi að síður gegnir pósthjónusta enn mikilvægu hlutverki, ekki síst fyrir atvinnulíf, og er í lykilhlutverki í vefverslun. Í nýlegri stefnu Evrópusambandsins um stafrænan innri markað (e. Digital Single Market eða DSM) er lögð sérstök áhersla á að virk og áreiðanleg pósthjónusta sé grundvöllur virkrar vefverslunar milli landa. Í þessu samhengi er vert að nefna nýlega reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2018/644, um pakkasendingahjónustu yfir landamæri, sem kemur til viðbótar við pósttilskipanirnar þrjár að því er varðar pakkasendingar milli landa. Framkvæmdareglugerð 2018/1263 er eðli málsins samkvæmt tengd 2018/644. Lagasetning sem þessi ætti því að samræmast vel stefnu hins opinbera.</p>
<p>C. Leiðir</p> <p>1. Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það? Ísland myndi stöðva innleiðingu reglugerðarinnar. Þá myndi hægja landið ekki fylgja eftir þeirri þróun sem á sér stað í nágrennaríkjum okkar t.d. Noregi.</p> <p>2. Önnur úrræði en lagasetning sem metin hafa verið. Ekkert annað í stöðunni.</p> <p>3. Mögulegar leiðir við lagasetningu. Ráðuneytið telur þá leið sem lögð er til vera þá ákjósanlegustu.</p>
<p>D. Hvaða leið er áformuð og hvers vegna?</p> <p>1. Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni. Gert er ráð fyrir að bætt verði við reglugerðarheimild og reglugerðin innleidd með reglugerð.</p> <p>2. Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott Bætt verður við ákvæði d. liðar 8. töluliðar 47. gr. laganna, 1. málslíður 5. mgr. 27. gr. verður lagfærð auk þess sem í stað nafnsins „Póst- og fjarskiptastofnunar“ mun koma í réttu beygingarfalli orðið Bygðastofnun.</p>
<p>E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar</p> <p>1. Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga? Nei</p> <p>2. Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu? Nei</p> <p>3. Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til? NEI</p>
<p>F. Samráð</p> <p>1. Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar? Bygðastofnun, Póstrekendur, almenningur</p> <p>2. Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta? Nei</p>

<p>3. Samráð sem þegar hefur farið fram. Fór fram samráð þegar frumvarp til laga um pósthjónustu var lagt fram á Alþingi.</p> <p>4. Fyrirhugað samráð. Áformin, fara í innra samráð í Stjórnarráðinu í tvær vikur og síðan í ytra samráð í tvær til þrjár vikur. Loks fer frumvarpið í þrjár vikur í samráð í samráðsgátt.</p>
<p>G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er</p>
<p>1. Niðurstaða frummats á áhrifum, sbr. fylgiskjal Sjá skjal mat á áhrifum.</p>
<p>H. Næstu skref, innleiðing</p>
<p>1. Hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpssmiðina? Nei, er í vinnslu</p> <p>2. Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar? Hvað má gera ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum, opinberar stofnanir/hagsmunaaðilar/almennigur, þurfi langan tíma til undirbúnings/aðlögunar? Ljóst er að póstrekendur eiga að hafa vitað að þessi gerð hafi verið á leiðinni, hins vegar verður veittur frestur ef lögin muni ná brautargengi og frá því þau taka gildi, m.ö.o. mun ráðuneytið beita sér fyrir aðlögunartíma.</p> <p>3. Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að lagasetning beri árangur?</p> <p>4. Mælikvarðar á árangur og útkomu</p> <p>5. Hefur verið hugað að því að afla gagna til að meta árangur þegar þar að kemur?</p>
<p>I. Annað</p>
<p> </p>
<p>J. Fylgiskjöl</p>
<p>1. Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað</p> <p>2. Önnur fylgiskjöl eftir atvikum</p>